

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1477/1999**2001/EES/26/29**

frá 6. júlí 1999

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3220/90 um skilyrði fyrir notkun tiltekinna aðferða í vínfræðum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87(*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1627/98 ⁽²⁾, einkum 6. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3220/90 ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2053/97 ⁽⁴⁾, er mælt fyrir um skilyrði fyrir notkun tiltekinna aðferða í vínfræðum sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 822/87. Bæta skal við þá reglugerð þannig að hún taki til skilyrða fyrir notkun á úreasa eins og kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 822/87. Takmarka skal slíka meðhöndlun við þau vín þar sem magn þvagefnis gæti leitt til of mikils magns etýlkarbamats við geymslu.
- 2) Haft hefur verið samráð við vísindanefndina um matvæli varðandi þau ákvæði sem gætu haft áhrif á almannaeilbrigði.

- 3) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 3220/90 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 5. mgr. bætist við 1. gr.:

„5. Notkun úreasa, sem notaður er til að draga úr magni þvagefnis í víni, eins og kveðið er á um í c-lið 4. gr. VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 822/87, er bundin skilyrðum V. viðauka við þessa reglugerð.“

2. Á eftir IV. viðauka bætist viðauki þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júlí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 171, 7.7.1999, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2000 frá 31. mars 2000 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 27, 15.6.2000, bls. 20.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 84, 27.3.1987, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 308, 8.11.1990, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 287, 21.10.1997, bls. 15.

VIDAUKI

„V. VIDAUKI

Kröfur um úreasa

1. Alþjóðlegt númer úreasa: EB-nr. 3-5-1-5, CAS-nr. 9002-13-5.
2. Virkni: úreasi (virkur í súru umhverfi) brýtur niður þvagefni í ammoníak og koltvísýring. Virknin er að minnsta kosti 5 einingar/mg, en ein eining er skilgreind sem það magn sem losar 1 μ -mól af NH_3 á mínútu við 37 °C úr 5 g/l af þvagefni við sýrustig pH 4.
3. Uppruni: *Lactobacillus fermentum*
4. Notkunarsvið: niðurbrot þvagefnis í víni sem ætlað er til langrar geymslu ef upprunalegt magn þvagefnis er meira en 1 mg/l.
5. Hámarksnotkunarmagn: 75 mg af ensimefnablöndu í lítra af víni sem meðhöndlað er, þó mest 375 einingar af úreasa í lítra af víni. Að meðhöndlun lokinni verður að fjarlægja alla eftirstandandi ensímvirkni með því að sía vínið (holustærð < 1 μm).
6. Forskriftir fyrir efna- og örverufræðilegan hreinleika:

| | |
|--------------------------|------------------------------------|
| Tap við þurrkun: | innan við 10% |
| Þungmálmar: | innan við 30 milljónarhlutar |
| Pb: | innan við 10 milljónarhlutar |
| As: | innan við 2 milljónarhlutar |
| Heildarfjöldi kólígerla: | greinast ekki |
| <i>Salmonella</i> spp: | ekki til staðar í 25 g sýni |
| Loftháð talning: | innan við 5×10^4 frumur/g |

Úreasi, sem leyfður er til meðhöndlunar á víni, verður að vera útbúinn við svipaðar aðstæður og úreasinn sem fjallað er um í álitni vísindanefndarinnar um matvæli frá 10. desember 1998.“
